


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði THG203 Námsáætlun haustannar 2015</b>	

<b>Nafn kennara:</b>	<i>Halldór Torfi Torfason</i>	<b>Sk.stöfun:</b>	HTT
----------------------	-------------------------------	-------------------	-----

## Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í að lesa og gera uppdrætti af algengum húsgögnum. Þeir teikna hornréttar fallmyndir eftir ákveðnum frummyndum, sniðmyndir, skurði og hlutamyndir þar sem fram koma samsetningar, málsetningar, efnisnotkun, m.m. Komið er inn á algengar útfærslur á húsgögnum, verklýsingar, fagheiti, málvik, teiknitákn m.m. Lögð er áhersla á að þjálfna notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast húsgagnasmíði og teikningu rissmynda við útfærslur deililausna. Fjallað er um framleiðslu húsgagna, framleiðsluferli, tímaáætlanir, gerð efnislista, efnisafföll og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkagna og upplýsinga frá seljendum. Áfanginn er ætlaður húsgagnasmíðum og byggist kennslan fyrst og fremst á verkefnavinnu.

## Áfangamarkmið

### Nemandi

- þekki uppbyggingu og samsetningar á algengum gerðum húsgagna
  - þekki stöðluð mál á helstu tegundum húsgagna
  - þekki reglur sem gilda um einstakar samsetningar
  - hafi innsýn í tæknilegar útfærslur algengra húsgagna
  - þekki upplýsingar og leiðbeiningar um gerð og viðhald húsgagna
- geti lesið og unnið með teikningar af húsgögnum
  - þekki gerðir uppdráttar og teikninga og öll almenn teiknitákn
  - þekki fagheiti og skilgreiningar í húsgagnateikningum
  - geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
  - geti lýst framleiðsluferli og gert tímaáætlanir með hliðsjón af teikningu
  - geti gert efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
  - geti yfirfært teikningar í skapalón í mismunandi mælikvörðum
- geti teiknað algeng húsgögn
  - þekki teiknaðferðir og teiknireglur fyrir húsgagnateikningar
  - geti gert fríhendisrissmyndir, flatar- og rúmteikningar af húsgögnum
  - geti gert sniðmyndir, skurði og hlutamyndir af húsgögnum með málvikum

## Efnisatriði/kjarnahugtök

Plötu húsgögn, grindarhúsgögn, plötu- og grindarhúsgögn, sethúsgögn, hillur, skápar, borð, stólar, trésmsetningar, reglur um samsetningar, stöðluð mál á húsgögnum, tæknilegar útfærslur, teiknitákn, fagheiti, skilgreiningar, verklýsingar, framleiðsluferli, tímaáætlanir, efnislisti, kostnaðarútreikningar, afföll, skapalón, teiknistaðlar, blaðstærðir, áritun, mælikvarði, teikniáhöld, rissmyndir, flatarmyndir, rúmmyndir, sniðmyndir, skurðir, hlutamyndir, málvik.


## Námsgögn: Upplýsingar frá kennara

**Verkefni og yfirferð:** Unnin verkefni í tengslum við PLG 106 OG SET 104.

Í byrjun verður aðalverkefni PLG 106 (taflborð) teiknað.

Mældur verður upp og teiknaður stóllinn Ch29 eftir Hans J. Wegner, en sá stóll var smíðaður með leyfi höfundar á Akureyri á síðustu öld. Einnig verða teiknaðir skápar og ýmsar samtengingar timburs. Gerðar verða efnisskýrslur og kostnaðarútreikningar. Farið verður yfir sögu húsgagnaframleiðslu á Íslandi, skoðuð húsgögn frá „gullaldartímabilinu“ 1950–1970 og hvernig íslensk húsgagnasmíði stendur í dag.

Fyrri helming annarinnar flytjast miðvikudagstímar THG203 yfir á fimmtudaga kl 8:15 og verða notaðir fyrir TST101. Seinni hluta annarinnar verða svo kenndar fjórar kennslustundir á miðvikudögum (frá 9:55–12:50) og engir tímar í TST101 á fimmtudögum.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	<b>Teikningar og verklýsingar í húsgagnasmíði THG203 Námsáætlun haustannar 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Vika	Verkefni	Vægi
35	Kynning	
35 – 49	1. Taflborð 2. Stóll 3. Skápur 4. Samsetningar	40% 40% 10% 10%

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

Námsgögn	
Bækur	TRÉSMÍÐI – hönnun, útfærsla, skipulag, IÐNÚ 2010
Ljósrit	Teikningar frá kennara
Annað	Tímarit um arkitektúr og hönnun – bókasafn VMA

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefnaskil	Þegar önninni lýkur, í 49. viku, skulu verkefni vera útprentuð á A2 blöð og í möppu í B03	100%

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils